

um stjórnarskrármálið.

Vjer undirritaðir, er háttv. deild hefir falið að athuga frumvarp það til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstöku málefni Íslands 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903, er samþykkt var á alþingi 1911 og nú hefir verið borið upp af hálfu einstakra þingmanna á þessu þingi, leyfum oss að skýra háttv. deild frá álitinu voru og tillögum um þetta mál, svo sem nú skal greina:

Nefndin hefir eigi getað orðið öll á eitt mál sátt um tillögur sínar. Einn af nefndarmönnum (Sk. Th.) heldur því fram, að rjett sje að samþykkja frumvarpið óbreytt, eins og það liggur fyrir, en hinir sex nefndarmennirnir hafa eigi getað sannfærst um, að það væri heppilegt.

Vjer, meiri hluti nefndarinnar, lítum svo á, að frumvarpið innihaldi ýms þau ákvæði er ekki sjeu til þess fallin að ná gildi sem stjórnarskipunarlög fyrir landið. Viljum vjer þar nefna ákvæðið um tölu ráðherra. Stjórnarskrár-bundin ráðherratala þekkist óviða í lögum Norðurálfu-þjóða, og það virðist í sjálfu sjer óheppilegt að binda hana þannig, auk þess sem vjer eigi teljum þess nauðsyn að fjölga ráðherrum hjer þegar í stað.

Ennfremur eru ákvæðin um skipun efri deildar að voru álitu eigi heppileg. Að vísu er það bæði nauðsynleg og tímabær breyting að afnema konungskjör til alþingis, en hinsvegar eru skoðanir mjög skiftar um, hvað í þess stað skuli koma, og ákvæði frumvarpsins um, að sameinað þing eftir sem áður skuli kjósa nokkra menn til efri deildar óhlutbundnum kosningum erum vjer mótfallnir.

Vjer teljum það eigi áhættulaust fyrir landið og hag þess, eins og nú er ástatt, að auka kosningarrjettinn og fjölga kjósendum nú þegar og alt í einu, svo mjög sem gert er í frumvarpinu, og svipta á þann veg hina núverandi kjósendur mest öllu valdi yfir landsins málum, og alþýðu-atkvæði um löggjarmál teljum vjer eigi tímabært að lögleiða, jafnvel eigi með þeim skorðum, sem settar eru í frumvarpinu.

Telja má ennfremur ýms smávægari atriði í frumvarpinu, er eigi virðast horfa til bóta, en af þeim ástæðum, sem þegar eru taldar, höfum vjer eigi álitnið rjett, að leggja það til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Um ákvæði 1. gr. frumvarpsins finnum vjer því, eins og málið horfir við oss, eigi ástæðu til sjerstaklega að láta uppi neitt álit að svo stöddu.

Eins og vjer vitum, að háttv. deild er kunnugt, þá hefir því verið hreift, sjerstaklega af hálfu hæstv. ráðherra, að æskilegt væri að leitað væri nýrra samninga við Dani um sambandslög milli Danmerkur og Íslands, og er það vitanlegt, að mikill hluti alþingis hefir tekið höndum saman, til þess að gera tilraun um þetta. — Skyldi svo fara, að þessar tilraunir bæri árangur — og margir gera sjer vonir um það — virðist tilgangslítið að breyta núgildandi stjórnarskrá á þessu þingi. Fari svo, að nýir samningar takist við Dani — og vjer viljum vona, að svo verði — þá er sjálfsögð afleiðing af því, að semja verður af stofni nýja stjórnarskrá fyrir landið i samræmi við væntanleg sambandslög. — En verði sú niðurstaðan á þessum málaleitunum af Íslands hálfu, að samningar ekki takist við Danmörku, þá má ganga að því vísu, að stjórninni verði þau úrslit kunn, svo löngu fyrir næsta alþing, að hún geti undirbúið og lagt fyrir þingið frumvarp

um þær breytingar á nágildandi stjórnarskrá, er hún telur líklegt, að sæmilegur meiri hluti alþingis muni samþykkja. — Af þessum ástæðum höfum vjer því heldur eigi talið rjett, að koma fram með tillögur um breytingar á frumvarpinu á þessu þingi, enda til þess mjög naumur tími, þar sem þingtíminn er svo stuttur, en við því búið, að tillögur um breytingar á frumvarpinu hefði vakið miklar deilur í þinginu, og þó litlar líkur til, að þær hefði náð endanlegu samþykki.

Vjer leggjum því til, að frumvarpið verði eigi tekið til frekari meðferðar á þinginu, en að deildin samþykki tillögu þá til þingsályktunar, er vjer berum upp og rituð er hjer á eftir.

TILLAGA

til þingsályktunar um stjórnarskrármálið.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að leggja fyrir næsta alþingi frumvarp til breytinga á stjórnarskrá landsins, svo framarlega, sem þá verður ekki fengin vis von um góðar undirtektir af hendi Dana undir nýja samninga um sambandsmálið á grundvelli frumvarps millilandanefndarinnar frá 1908. —

Neðri deild alþingis 13. ág. 1912.

Guðl. Guðmundsson,
skrifari og framsögum.

Lárus H. Bjarnason.

Jón Ólafsson.

Jón Jónsson.

**

**

**

Þótt við í mörgum greinum getum verið háttv. meiri hluta nefndarinnar samdóma, og einkum og sjer í lagi um það, að ekki sjeu tiltök að samþykkja neitt stjórnarskráfrumvarp á þessu þingi, álitum við þó ekki ráðlegt að samþykkja þannig lagaða þingsályktun, sem meiri hlutinn stingur upp á. Við teljum ekki bráðliggja svo á breytingum á stjórnarskránni, að nokkuð væri í hættu, þótt þær kynnu að dragast nokkru lengur en til næsta þings, ef sú yrði reyndin á, að þá væri ekki enn fengin full vissa um æskilegan árangur af málaleitun um nýja samninga um sambandsmálið, eða þótt svo skyldi fara, að samningar um það kynnu að takast eða horfa vænlega á nokkuð öðrum grundvelli en frumvarp millilandanefndarinnar frá 1908. Við álitum ekki varlegt að binda hendur stjórnarinnar of mjög í þessum efnun, og leyfum okkur því að ráða háttv. deild til að afgreiða málið með svofeldri

BÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að horfur virðast vera á því, að bráðlega verði leitað nýrra samninga um sambandsmálið, er leiði til sambandssáttmála við Dani, og af slíkum

sáttmála hljóti aftur að leiða stjórnarskrárbreytingu, álitur deildin, að heppilegast sje og kostnaðarminst fyrir þjóðina, að láta allar breytingar á stjórnarskránni bíða, uns útsjeð er um, hvernig þessum samningum reiðir af, og tekur því fyrir næsta mál á dagskránni.

Alþingi, 13. ágúst 1912.

Kristján Jónsson,
formaður nefndarinnar.

Valtýr Guðmundsson,
framsögum. minni hlutans.